


Hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu Dverglóðar.

Tillaga mín um nýtingu lóðarinnar, fellst í þeirri lausn að á lóðinni rísi þrjú hús. Við Brekkugötu rísi tvö íbúðarhús sem fáí númerin 4 og 6. Hús nr. 4 verði endurgerð á Húsi Jóhannesar Reykdal og hús nr. 6 verði hús í stíl við nærliggjandi hús.

Við Lækjargötu þar sem meginbygging Dvergs stendur, verði gamli Flensborgarskólinn sem stóð niður við höfnina, endurbyggður sem tilgátuhús eftir ljósmyndum og öðrum gögnum, finnst ekki teikningar eða upprættir af húsinu.

Þetta fornfræga hús á að endurbyggja og færa til vegs og virðingar eins og Sívertsen húsið og Bungalóið við Vesturgötu.
Hafnfirðingar hafa á undanförunum árum endurbyggt fjölmörg gömul hús sem mikil þrýði er af og margir ferðamenn skoða á göngu sinni um gamla bæinn, allt árið um kring.

Miklir möguleikar eru á notkun fyrir hið nýja Flensborgarhús. Það má vel hugsa sér að fá bæjarbúa til að taka þátt í samkeppni um framtíðarnýtingu hússins.



19125

DEILISKIPULAG

T.19/25





7. 19125